

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Fjarðabyggðar.

1. gr.

Hitaveita Fjarðabyggðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar fyrir heitt vatn nr. 908/2005. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru gefin upp án skatts á smásöluverð á heitu vatni og virðisaukaskatts, nema annað sé tekið fram, og leggjast þessir skattar á þau skv. gildandi reglum á hverjum tíma. Virðisaukaskattur á sölu á heitu vatni til hitunar húsa og laugarvatns er 7%.

2. gr.

Ekki er takmarkaður aðgangur húsveitu að heitu vatni umfram það sem leiðir af heimæð og veitukerfi. Hitaveitu Fjarðabyggðar er heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstingsbreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu búnaðarins.

3. gr.

Seðilgjald kr. 200 leggst á útsenda prentaða reikninga, en hægt er að komast hjá gjaldinu með því að nýta greiðslukortajónustu eða beingreiðslur í banka. Reikningar birtast í heimabönkum þeirra sem nýta sér slíka þjónustu.

4. gr.

Reikninga skal greiða á eindaga. Séu reikningar ekki greiddir á eindaga er send út tilkynning um vanskil. Reikningar eru því næst sendir til innheimtuaðila. Vextir leggjast við skuldina sé ekki greitt á eindaga.

5. gr.

Hitaveitugjöld eru krafín mánaðarlega. Áætlunarreikningur sem byggir á fyrrí notkun er sendur út ellefu mánuði ársins. Einu sinni á ári er sendur uppgjörsreikningur sem er byggður á álestri og er hann uppgjör á þeim áætlunarreikningum sem sendir hafa verið.

6. gr.

Húseigandi, eða sá sem skráður er fyrir mæli, er ábyrgur fyrir því að tilkynna flutning og er ábyrgur fyrir orkunotkun þar til tilkynning um annan notanda hefur verið móttokin hjá hitaveitunni.

7. gr.

Verð fyrir afnot af heitu vatni er eftirfarandi:

- A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns:
Grunnverð kr. 152.
- B. Mælagjald – fast gjald.

Mælir	Grunnverð kr./dag	kr./ári
15 og 20 mm	69,53	25.380
25 mm	234,14	85.461
32 mm	452,12	165.024
40 mm	920,38	335.940
50 mm	1.775,55	648.075

Um afnot af vatni hitaveitu til annarra nota en húshitunar gilda sérstök gjöld sem ákveðin eru hverju sinni en þó með hliðsjón af gjaldskrá hitaveitunnar.

C. Önnur gjöld:

Umbeðinn aflestur af mælum	1.500 kr. m. vsk.
Lokunargjald	2.000 kr. m. vsk.
Seðilgjald	200 kr. m. vsk.
Skiptigjald	2.500 kr. m. vsk.
Innheimtugjald með vsk. er í höndum innheimtuaðila.	

8. gr.

Bráðabirgðaheimlagnir.

Stofngjald:	
Lögn	Grunnverð kr.
20 mm	21.898
25 mm	27.681
32 mm	28.604
Lengdargjald:	
20 mm kr./metra	3.075
25 mm kr./metra	3.934
32 mm kr./metra	3.934

Lengdargjald er greitt fyrir hvern metra í heimlögn sem lögð er til bráðabirgða. Ef bráðabirgðaheimlögur verður síðar notuð sem aðalheimlögur fyrir hús, greiðist ekkert lengdargjald vegna bráðabirgðatengingar. Bráðabirgðaheimlagnir skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

9. gr.

Aðalheimmæðar – heimtaugagjöld:

Stofngjald:	Inntaksgjald kr.
Lögn	
20 mm	402.943
25 mm	523.824
32 mm	707.162
40 mm	990.027
50 mm	1.435.379
Tengigrind kr.	51.676
Tengigjald kr.	51.676

Tengigrind er ekki innfalin í heimmæðargjaldi.

Ef heimlagnagjald stendur ekki undir kostnaði í frágengnu hverfi er heimlagnagjald fyrir nýja eða staðkraða heimlögn greitt samkvæmt kostnaðaráætlun.

Heimmæð hitaveitu liggur frá götulögn eða tengibrunni og inn fyrir húsvegg húsveitu að inntaksloka.

Aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta skal vera 28.978 kr. með vsk.

10. gr.

Lengdargjald í dreifbýli skal vera samkvæmt kostnaði en lengdargjald í þéttbýli er 8.222 kr. með vsk. og er greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðamarka.

11. gr.

Önnur atriði til skýringa:

Stærð heimlagnar fer eftir hússtærð og starfsemi sem þar er áætluð. Húseigandi og hönnuður ákveða stærð heimlagna en hitaveita Fjarðabyggðar ákveður lágmarksstærð heimlagna fyrir íbúðarhús.

Eigandi íbúðarhúss/fyrirtækis þarf að sækja tímanlega um heimlögn á þar til gerðu eyðublaði, hvort sem um er að ræða nýja heimlögn, færslu, breytingu eða stækkun á eldri heimlögn. Teikningar skulu fylgja umsókn.

Heimlagnargjald skal greitt fyrir hverja heimlögn er tengir húsveitu við kerfi veitunnar. Heimlagnargjald skal greitt áður en vinna við lagningu hefst.

Þegar heimlögn er stækkuð eða þegar heimlögn er breytt samkvæmt beiðni viðskiptavinar, skal greiða fyrir breytinguna samkvæmt samkomulagi og skal tekið mið af raunkostnaði við breytinguna.

Heimilt er að veita afslátt af tengigjöldum ef tengikostnaður er sannanlega lægri en gjaldskrá miðar við.

Heimilt er að leggja álag á tengigjald ef tengikostnaður er sannanlega hærri en gjaldskrá miðar við.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarráði Fjarðabyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 1201 frá 7. desember 2011.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. janúar 2014.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2014